

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Björns Inga Hrafnssonar um almenningssamgöngur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Telur ráðherra koma til greina að fella niður opinber gjöld á rekstur almennings-
samgangna?*

Almenningssamgöngur geta falið í sér bifreiðasamgöngur, flugsamgöngur, ferjusiglingar og rekstur mannvirkja eins og Hvalfjarðarganga. Þar sem fyrirspurnin er svo víðtæk og krefst töluverðs tíma ef svara ætti henni samkvæmt því, hefur svarið verið miðað við almennings-
samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til strætisvagna.

Opinber gjöld á fyrirtæki í strætisvagnasamgöngum á höfuðborgarsvæðinu eru eftirtalin:

Virðisaukaskattur.

Fólksflutningar, þ.m.t. almenningssamgöngur, falla ekki undir skattskyldusvið virðisauka-
skatts, sbr. 6. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Í því felst að ekki ber
að innheimta virðisaukaskatt af þóknun fyrir fólksflutninga (fargjald).

Tekjuskattur.

Fyrirtækið sem rekur strætisvagnasamgöngur á höfuðborgarsvæðinu er byggðasamlag, þ.e.
fyrirtæki rekið af sveitarfélögum og með ótakmarkaðri ábyrgð þeirra. Það er undanþegið
tekjuskatti skv. 2. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Bifreiðagjald og úrvinnslugjald.

Bifreiðagjald er lagt á samkvæmt lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988, og úrvinnslugjald
skv. 5. gr. laga um úrvinnslugjald, nr. 162/2002.

Kílómetragjald.

Ekki er lagt kílómetragjald á ökutæki sem ætluð eru til fólksflutninga, sbr. 1. tölul. 1. mgr.
13. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004.

Olíugjald.

Samkvæmt 6. gr. laga um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004, skal endurgreiða
80% olíugjalds af olíu vegna aksturs almenningsvagna.

Eins og sjá má á yfirlitinu greiða fyrirtæki í strætisvagnasamgöngum á höfuðborgar-
svæðinu eingöngu bifreiðagjald, úrvinnslugjald og 20% af olíugjaldi. Í ljósi þessa er frekari
niðurfelling opinberra gjalda ekki fyrirhuguð.